EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3455

Rekstraraðili Nesvegur 5 ehf. kt: 5104160230	**Tegund starfsemi** Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera	**Starfsleyfisnúmer:** UST202203-131 **Gildistími starfsleyfis** 3. apríl 2039
Starfsstöð Nesvegur 5 Ásmundarnes	**Tegund eftirlits** Reglubundið eftirlit	**Dagsetning eftirlits** 13. maí 2026
Starfstöðvarnúmer: ET-0499	**Eftirlitsmaður** Auður Eyberg Helgadóttir	**Útgáfudagur skýrslu** 17. nóvember 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Vésteinn Sveinsson	Stöðvarstjóri
Víðir Björnsson	

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu fram átta ný frávik er varða:
1) Ársyfirliti fyrir árið 2025 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2026 2) Ársyfirlitið fyrir árið 2025 var ófullnægjandi. 3) Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 hefur ekki verið skilað inn. 4) Engir útreikningar bárust á heildarlosun á fosfór og nitri árið 2025. 5) Efni voru geymd án lekabytta. 6) Árið 2025 voru engar myndir teknar af útrás. 7) Mæling í frárennsli þegar lífmassi var í hámarki árið 2025 var ekki fullnægjandi. 8) Fosfórlosun árið 2025 var yfir mörkum starfsleyfis.

Eitt eldra frávik er opið síðan úr eftirliti árið 2023, varðar það urðun á dauðfiski.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit - með vettvangsheimsókn, fór fram hjá rekstraraðila þann 13. maí 2026.
Boðað umfang eftirlitsins var:
1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
3. Eftirlitsmælingar og skráningar
4. Áætlanir og viðbrögð
5. Umgengni og aðkoma lóðar
6. Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

1. Tvö frávik komu fram í eftirliti árið 2025 og hefur þeim báðum verið lokað. Eitt eldra frávik er opið síðan úr eftirliti árið 2023, þess efnis að rekstraraðili urðar dauðfisk á lóðinni. Í eftirliti árið 2026 kom fram að rekstraraðili urðar enn dauðfisk á lóðinni og er því frávikið enn þá opið.

2. Ársyfirliti fyrir árið 2025 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2026 eins og starfsleyfið segir til um og er það því frávik. Ársyfirliti var skilað inn 7. júní 2026 með ófullnægjandi upplýsingum og er það því frávik frá grein 4.4 í starfsleyfinu. Upplýsingar vantar um heildarlífmassa árið 2025, útreikninga vantar á losun næringarefna, heildarfjöldi seiða í útflutningi er ekki rétt reiknaður. Fullnægjandi skil bárust 7. október og er frávikinu því lokað. Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2026 og er það frávik frá starfsleyfi. Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 var skilað inn 7. október 2026 og er frávikinu því lokað. Rekstraraðili skal taka myndir við útrásina tvisvar á ári til að fylgjast með umhverfinu í kring. Engar myndir voru teknar árið 2025 og er það frávik. Rekstraraðili sendi mynd af útrásinni 7. október 2026 og er frávikinu lokað.

3. Sýni voru tekin úr frárennsli við lágmarkslífmassa árið 2025. Rekstraraðili tók sýni við hámarkslífmassa 8. ágúst 2025 en skilaði þeim inn til greiningar 3. september 2025. Sýnin voru þá orðin of gömul til að fá marktæka mælingu. Því er litið svo á að ekki liggi fyrir niðurstöður mælinga á sýnum sem voru tekin við hámarkslífmassa árið 2025 og er það frávik. Ekki er hægt að reikna út heildarlosun á fosfór og nitri fyrr en búið er að skila inn gögnum og er það frávik. Gögnum var skilað inn 7. október og er frávikinu því lokað. Fosfórlosun árið 2025 reiknaðist 12,8 kg/tonn af lífmassaaukningu og er það frávik frá grein 3.4 í starfsleyfi þar sem losun á fosfór má ekki fara yfir 10 kg/tonn.

4. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar, neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs sem og áætlun um meðhöndlun úrgangs eru til staðar. Trygging vegna bráðamengunar skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, er í gildi.

5. Nýr rekstraraðili hefur tekið við stöðinni. Enn þá eru framkvæmdir á svæðinu í kringum stöðina.

6. Sápubrúsar voru geymdir inni í sal án lekabytta og er það frávik. Eftirlitsaðili fékk mynd 7. október 2026 af efnunum á lekabyttu og er frávikinu því lokað.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 4.4 í starfsleyfi	Frávik skráð: 13. maí 2026 Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Fullnægjandi ársyfirliti fyrir árið 2025 var skilað inn 7. október 2026 og er frávikinu lokað.*	Lokað
gr. 4.4 í starfsleyfi	Frávik skráð: 13. maí 2026 Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Ársyfirlit fyrir árið 2025 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2026. Ársyfirliti fyrir árið 2025 var skilað inn 7. júní 2026 og er því frávikinu lokað.*	Lokað
gr. 4.5 í starfsleyfi	Frávik skráð: 13. maí 2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Umhverfisupplýsingar fyrir árið 2025 bárust Umhverfis- og orkustofnun 7. október 2026 og er frávikinu lokað.*	Lokað
gr. 4.3 í starfsleyfi	Frávik skráð: 13. maí 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi *Mæla skal magn heildarfosfórs og heildarköfnunarefnis við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki, Einungis var framkvæmd sýnataka í lágmarksfóðrun.*	Opið
gr. 3.11 í starfsleyfi	Frávik skráð: 13. maí 2026 Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er, þannig að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið. *Efni voru geymd inni í sal án lekabytta þegar eftirlitið fór fram 13. maí 2026. Umhverfis- og orkustofnun bárust myndir frá rekstraraðila þar sem lekabyttur eru komnar undir efnin og er frávikinu því lokað.*	Lokað

gr. 3.4 í starfsleyfi	Frávik skráð: 13. maí 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi *Rekstraraðili skal skila inn fyrir 1. maí ár hvert útreikningum vegna fosfórs- og niturlosunar í frárennsli, engir útreikningar bárust Umhverfis- og orkustofnun fyrir 1. maí 2026 vegna ársins 2025. Útreikingar bárust Umhverfis- og orkustofnun 7. október 2026 og er frávikinu lokað.*	Lokað
gr. 3.5 í starfsleyfi	Frávik skráð: 13. maí 2026 Taka skal myndir við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið. *Engar myndir voru teknar árið 2025. Myndir voru teknar 7. október 2026 og er frávikinu því lokað.*	Lokað
gr. 3.10 í starfsleyfi	Frávik skráð: 15. júní 2023 Allur úrgangur skal færður til viðeigandi meðhöndlunar, annað hvort beint til endurnýtingar eða í söfnunar- eða móttökustöð og þaðan til endurnýtingar eða förgunar, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð eða samþykktum sveitarfélaga. *Í eftirliti árið 2023 kom fram að rekstraraðili hafi urðað tvær tunnur af dauðfiski á svæðinu.*	Opið
gr. 3.4 í starfsleyfi	Frávik skráð: 13. maí 2026 Losun mengunarefna í vatn yfir viðmiðunarmörkum *Losun á fosfór í viðtaka má ekki fara fram úr 10 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Fosfórlosun árið 2025 var 12.8 kg/tonn.*	Opið

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.